

**Fundargerð 32. fundar skráningarráðs Gegnis fimmtudaginn 27. sept. 2007**  
haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 14.00 – 16.00

**Fundarmenn:** Hulda Ásgrímsdóttir (fundarritari), Jóhanna Margrét Diðriksdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður).

Auk þeirra sátu fundinn þær Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna.

Þetta er fyrsti fundur skráningarráðs eftir að ákveðið var að stofna efnisorðaráð. Þær sem horfið hafa úr skráningarráði eru Fanney Sigurgeirsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir störf þeirra í ráðinu. Ný í skráningarráði er Jóhanna Margrét Diðriksdóttir og er hún boðin velkomin til starfa.

**1. Kosning formanns.**

Þóra var einróma hvött til að gefa kost á sér áfram í stöðu formanns og féllst hún á það.

**2. Fundargerð síðasta fundar.**

Fundargerð síðasta fundar samþykkt með fyrirvara um smávægilegar breytingar.

**3. Skipun efnisorðaráðs.**

Þrír aðilar eru skipaðir af skráningarráði og einn frá Landsbókasafni. Af skráningarráði voru skipaðar þær Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir og frá Landsbókasafni Ragna Steinarsdóttir.

**4. Skráning prentana.**

Þetta mál skýtur upp kollinum annað slagið enda er það bæði erfitt skrásetjurum og þeim sem leita í grunninum. Skoðað var plaggið “Greining útgáfuárs á bókum” sem samþykkt var í skráningarráði 11. janúar 2007. Málið kom einkum á dagskrá nú vegna útgáfu á íslenskum kiljum, þ.e. bókum sem höfðu áður verið gefnar út innbundnar.

Allir voru sammála um að hugsa ætti þetta mál vel áður en farið væri út í breytingar. Í þessu sambandi var rætt um Primo. FRBR-ísering á að geta haldið utan um allar útgáfur og prentanir á sama verki. Einnig þarf að kynna sér vandlega hvað nýjar skráningarreglur munu kveða á um þetta. Búið er við að nýju skráningarreglurnar verði ekki útgefnar á bók og þá er nauðsynlegt fyrir skrásetjara að þær verði í landsaðgangi.

**5. Skráning mismunandi ytra forms saman.**

Það sem áður var rætt hangir saman við þennan lið þegar tekur til þess að endurskoða þann lista sem við höfum haft yfir form efnis. Þá er spurning hvernig því verður háttað í nýju reglunum.

## **6. Safnfærslur fyrir kennsluefni í ensku.**

Fyrirspurn barst fá einum skóla um hvort gera mætti safnfærslu fyrir enskukennslubækur fyrir yngstu börnin.

Talið var að ekki væri hægt að komast hjá því að skrá þær. Þetta efni gæti einnig verið til í öðrum skólum. En þar sem ýmsar safnfærslur eru til í Gegni s.s. fyrir tælenskar og rússneskar bækur var talið nauðsynlegt að gera umfangsgreiningu, þ.e. hvað megi skrá í safnfærslu. Ragna og Hulda munu rýna í það.

## **7. Rússnesk mannanöfn.**

Þessi nöfn geta verið ansi snúin í leit og til eru ýmis afbrigði af því hvernig þau eru rituð. Tilvísun og tilvísanir duga ekki alltaf til.

Til er plagg frá Íslenskri málnefnd um “Umritun nafna úr rússnesku” en þessi nöfn eru oft á tíðum ekki mjög leitarvænleg, t.d. Tsjechov sem við ættum mun auðveldara með að finna í dönskum grunni en þar er það ritað Tjekov. Það var ákveðið að tilnefna nokkra í vinnuhóp til að skoða hvaða nafnmyndir eru að birtast í Gegni. Tilnefnd voru Árný S. Þórólfsdóttir og Valdimar Pálsson frá Bókasafni Hafnarfjarðar, Jóhanna Margrét Diðriksdóttir frá Bókasafni Listaháskólans og Áslaug Agnarsdóttir og Ragna Steinarsdóttir frá Þjóðarbókhöðun.

## **8. Önnur mál.**

Hildur greindi frá því að átta nýir skrásetjarar hefðu fengið skráningarheimild í Gegni.

Hún lagði fram beiðni um undanþágu varðandi heimild til skráningar í Gegni fyrir skrásetjara sem hefur lokið öllum námskeiðum en útskrifast ekki fyrr en í febrúar 2008. Beiðni þessi var samþykkt.

Sveinbjörg tilkynnti að Alefli, skráningarráð og Landskerfi munu halda samráðsfund 11. október kl. 1. Þessi fundur er haldinn að beiðni Aleflis eins og á síðasta ári.

Fundi slitið um kl. 16.